

Ár 2014, mánudaginn 30. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Huldu Árnadóttur og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins er forstöðumaður samkvæmt 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sömu laga. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóranum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 28. október 2013 frá forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins. Með bréfinu er farið fram á að launakjör forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins verði tekin upp og endurákvörðuð þannig að starfinu fylgi að minnsta kosti 65 yfirvinnueiningar. Í bréfinu segir að Tryggingastofnun ríkisins sé ein allra stærsta stofnun landsins og gildi þá einu hvort horft sé til samfélagslegrar þýðingar eða veltu. Stofnunin hafi annast útreikning, eftirlit og greiðslu á um 100 milljörðum króna á árinu 2013 en það láti nærri að vera um 20% af heildarríkisútgjöldum. Fjárhæðin segi þó ekki allt þar sem þau réttindi sem búi að baki séu stöðugum breytingum undirorpin. Lagabreytingar hafi verið tíðar en þær hafi í för með sér víxlverkanir einstakra bótaflokka innbyrðis sem og gagnvart tekjum og annarri framfærslu. Öllu skipti að bætur séu eins rétt reiknaðar og unnt er og að allar greiðsludagsetningar standist, enda oft um að ræða aðalframfærslu skjólstaðinga stofnunarinnar sem séu um 55.000 talsins. Í bréfi forstjórans segir einnig að frá efnahagshruni haustið 2008 hafi mætt mun meira á stofnuninni en áður og hafi það endurspeglast í auknu álagi á forstjóra. Þrátt fyrir aukið álag vegna ytri aðstæðna hafi stofnunin mátt taka á sig nálægt 30% skerðingu fjárframlaga til rekstrar sem hafi meðal annars verið mætt með fækkun starfsmanna um 20 stöðugildi. Þannig hafi þróunarsvið stofnunarinnar verið lagt niður og verkefni þess færð beint til forstjóra. Þetta hafi aukið verulega álag á starfsmenn og sérstaklega á forstjóra.

Með bréfi dagsettu 12. nóvember 2013 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og velferðarráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 15. janúar 2014. Í bréfinu kemur fram að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um hvaða forsendur kjararáð lagði til grundvallar fyrri ákvörðun né á hvern hátt starfsemi forstjórans hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör hans að öðru leyti en fram komi í bréfi forstjórans. Ráðuneytið telur eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör forstjórans. Að öðru leyti er ekki tekin afstaða til erindisins.

Velferðarráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 24. janúar 2014. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji mikilvægt að forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins njóti sambærilegra launa og aðrir forstöðumenn sem undir kjararáð heyra að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar sem störfunum fylgi.

Með bréfi dagsettu 28. janúar 2014 fékk forstjórinn send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og velferðarráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Með bréfi kjararáðs dagsettu 31. mars 2014 til stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins óskaði ráðið eftir ítarlegri greinargerð stjórnarinnar um starfsemi stofnunarinnar. Einnig var óskað eftir upplýsingum um breytingar á starfsemi hennar á undanförunum árum sem og hvort álag í starfi forstjórans hefði breyst eða aukist.

Í svari stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins dagsettu 14. apríl 2014 segir að Tryggingastofnun greiði út ellilífeyri, örorkulífeyri og tengdar bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, endurhæfingarlífeyri og margvíslegar uppbætur á lífeyri á grundvelli laga um félagslega aðstoð. Stofnunin greiðir framlög til öldrunar- og hjúkrunarheimila samkvæmt lögum um málefni aldraðra og fjárhagsaðstoð til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna og lifandi líffæragjafa. Þá hafi stofnunin með höndum milligöngu vegna meðlagsgreiðslna. Í bréfinu segir að greiðslur stofnunarinnar nemi um 18% af heildarútgjöldum ríkisins, viðskiptamenn séu um 60.000 talsins og réttindi þeirra margþætt, enda bótaréttur og samspil hinna ólíku framfærsluáhræða flókið. Í bréfinu segir einnig að margvíslegar úrbætur hafi verið gerðar á starfseminni sem leitt hafi til mun betra utanumhalds um bótafé og hafi þær þannig tryggt lífeyrisþegum réttari greiðslur og jafnframt skilað hagræðingu í ríkisrekstrinum sem nemi margföldum rekstrarkostnaði stofnunarinnar. Aukin áhersla sé á samtímaeftirlit innan greiðsluársins, komið hafi verið á virkri innheimtu á ofgreiddum bótum auk eftirlits með bótasvikum. Fjárframlög til reksturs stofnunarinnar hafi verið skorin niður sem nemi um 30% frá efnahagshruni. Á sama tíma hafi lífeyrisþegum fjölgað verulega. Stjórnendur hafi þurft að grípa til margvíslegra hagræðingaraðgerða. Starfsmönnum hafi verið fækkað um 21 frá árinu 2008, dregið hafi verið úr bréfasendingum og opnunartími stytur. Ánægja viðskiptavina hafi samt aukist samkvæmt mælingum. Þrátt fyrir aukið álag hafi starfsemi stofnunarinnar þannig á margan hátt gengið betur samkvæmt margvíslegum mælikvörðum enda hafi samhliða hagræðingu verið unnið markvisst að umbótum í starfseminni. Fyrir þá umbótavinnu hafi forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins fengið stjórnunarverðlaun á árinu 2012. Í hnotskurn megi lýsa þeim umtalsverðu breytingum sem orðið hafi á stofnuninni sem svo að mun færri fólk vinni nú fyrir mun minni fjárveitingar að flóknari og stærri verkefnum. Álag hafi einnig aukist vegna þess að einstök störf og starfseiningar hafi verið lögð niður en það hafi óhjákvæmilega í för með sér aukið álag á forstjóra stofnunarinnar. Þá hafi utanaðkomandi þrýstingur vegna erfiðara efnahagsástands einnig aukist talsvert sem og ásókn í bótaúrræði og væntanlega einnig tilraunir til þess að misnota þau. Allt þetta hafi þýtt meiri núning og vandræði sem mætt hafi á allri stofnuninni. Niðurstaða stjórnarinnar er því að um viðvarandi aukið álag sé að ræða í starfi forstjóra stofnunarinnar.

Með bréfi dagsettu 15. apríl 2014 fékk forstjórinn sent bréf stjórnarinnar til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess.

Í bréfi forstjórans dagsettu 30. apríl 2014 eru ekki gerðar athugasemdir við greinargerð stjórnarinnar um starfsemi stofnunarinnar og þær breytingar sem gerðar hafi verið á rekstrinum á undanförunum árum. Segir í bréfinu að stofnunin standi nú styrkari fótum en hún hafi gert um langt árabíl þrátt fyrir niðurskurð á rekstrarfé, verulega fjölgun viðskiptavina og flóknara lagaumhverfi. Nefna megi fjölmargar jákvæðar úttektir Ríkisendurskoðunar á tileknum þáttum starfseminnar svo sem eftirliti, bókhaldi, fjármálastjórn, verkferlum, vinnulýsingum og gæðum upplýsingaöryggis Tryggingastofnunar.

III.

Tryggingastofnun ríkisins er þjónustustofnun sem starfar samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007. Hlutverk stofnunarinnar er að framfylgja áður nefndum lögum. Tryggingastofnun annast einnig framkvæmd laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna nr. 22/2006 og laga um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar nr. 40/2009.

Tryggingastofnun annast framkvæmd lífeyrstrygginga samkvæmt lögum um almanna-tryggingar. Lífeyrstryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, aldurstengdrar örorku-uppbótar, tekjutryggingar, örorkustyrks og barnalífeyris. Frá árinu 2008 hefur Sjúkra-tryggingastofnun annast framkvæmd slysatrygginga samkvæmt sömu lögum ásamt því að annast sjúkratryggingar samkvæmt lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

Samkvæmt almannatryggingalögum skal Tryggingastofnun ríkisins með reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar. Hún skal einnig kynna almenningi rétt sinn til bóta með upplýsingastarfsemi. Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík. Utan Reykjavíkur skal Tryggingastofnun hafa umboðsskrifstofur og fer um staðarval, fyrirkomulag og rekstur eftir ákvörðun stofnunarinnar.

Tryggingastofnun ríkisins heyrir undir félags- og húsnæðismálaráðherra sem skipar fimm menn í stjórn stofnunarinnar. Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar. Forstjóri ræður aðra starfsmenn og annast daglegan rekstur. Forstjóri ber ábyrgð á að stofnunin starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Hann ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Forstjóri situr fundi stjórnar og hefur málfrelsi og tillögurétt.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins en kjaranefnd ákvað honum laun 13. maí 2003. Þar sagði að vegna stærðar stofnunarinnar og fjárhagslegrar ábyrgðar forstjóra hennar skyldi hann vera meðal allra hæst launuðu embættismanna ráðuneytisins. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs. Breytingar hafa orðið á starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins frá því forstjóra voru síðast ákveðin laun. Þannig tók Sjúkratryggingastofnun við hlutverki Tryggingastofnunar ríkisins á sviði sjúkra-, slysa- og sjúklingatrygginga við gildistöku laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Eins og rakið er hér að framan hafa ýmsar skipulagsbreytingar, tíðar lagabreytingar og auknar kröfur um skilvirkni haft í för með sér aukið álag á innviði Tryggingastofnunar ríkisins. Með vísan til þessa hefur kjararáð ákveðið að fjölga mánaðarlegum einingum forstjórans, að teknu tilliti til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. nóvember 2013 skulu mánaðarlaun forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 138, nú 845.205 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Hulda Árnadóttir

Jónas Þór Guðmundsson